

7. kafli: Hugverkaréttur

I. HÖFUNDARÉTTUR OG SKYLD RÉTTINDI

1. Hvaða íslensk lög taka upp gerðir um höfundarétt og skyld réttindi hér að neðan?

Eftirfarandi íslensk lög taka upp gerðir um höfundarétt og skyld réttindi hér að neðan:

TILSKIPUN	Stjórnartíðindi EB	Tilskipun innleidd með:	Tilvísun í breytt lög
Tilskipun ráðsins 87/54/EBE frá 16. desember 1986 um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum.	Stjrtíð. EB L 24, 27.1.1987, bls 36–40	Lög um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum nr. 78/1993, eins og þeim var breytt með lögum 19/1995.	Á ekki við
Tilskipun ráðsins 93/83/EBE frá 27. september 1993 um samræmingu á tilteknum reglum um höfundarétt og réttindi tengd höfundarétti vegna útsendingar um gervihnött og endurvarps um kapal.	L 248, 6.10.1993, bls. 15–21	Lög um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972, með síðari breytingum, nr. 145/1996 (2. gr).	23. gr. a, 45. gr. a.
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/9/EB frá 11. mars 1996 um lögverndun gagnagrunna.	Stjrtíð. EB L 77, 27.3.1996, bls. 20–28	Lög um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972, með síðari breytingum, nr. 60/2000 (1., 2., 10. & 15. gr.).	3. mgr. 6 gr., 4. mgr. 6 gr., 5. tölul. 2. mgr. 11 gr., 50. gr., 60 gr. a, 6. mgr. 63. gr.
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB frá 22. maí 2001 um samræmingu tiltekinna þátta höfundaréttar og skyldra réttinda í upplýsingasamfélaginu.	L167, 22.6.2001, bls. 10	Lög um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972, nr. 9/2006.	10. gr. a, 12. gr., 2. mgr. 14. gr., 1. mgr. 17. gr., 19. gr., 24. gr., 3. mgr. 45. gr., 5. mgr. 45. gr., 2. mgr. 46. gr., 1. mgr. 47. gr., 48. gr., 1. mgr. 49. gr., 50. gr. b, 50. gr. c, 50. gr. d, 4. mgr. 54. gr., 60. gr., 61. gr.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/84/EB frá 27. september 2001 um rétt höfundar til þóknunar við endursölu frumgerðar listaverks.	L272, 13.10.2001, bls. 32–36	Lög um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972, nr. 97/2006.	25. gr. b.
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/115/EB frá 12. desember 2006 um leigu- og útlánsrétt og önnur tiltekin réttindi, tengd höfundarétti, á sviði hugverkaréttar (kerfisbundin útgáfa).	Stjtið. EB L 376, 27.12.2006, bls. 28	Lög um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972, með síðari breytingum, nr. 57/1992 (8. gr.), 60/2000 (6 gr.), nr. 9/2006 (7. gr.).	24. gr., 3. mgr. 41. gr.
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/116/EB frá 12. desember 2006 um verndartíma höfundaréttar og tiltekinna, skyldra réttinda (kerfisbundin útgáfa).	L372, bls. 12–18	Lög um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972, með síðari breytingum, nr. 145/1996 (4 – 9 gr.), .nr. 9/2006 (11 & 12 gr.).	43. gr., 44. gr., 44. gr. a, 4. tölul. 1. mgr. 45. gr., 46. gr., 48. gr., 49 gr.
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/24/EB frá 23. apríl 2009 um lögvernd fyrir tölvuforrit (kerfisbundin útgáfa).	Stjtið. EB C 204, 9.8.2008, bls. 24.	Lög um breytingu á höfundalögum nr. 73/1972, með síðari breytingum, nr. 57/1992 (1. gr., 4. mgr. 3. gr., 4. gr., 11. gr.), 145/1996 (1. & 3. gr.), 60/2000 (3. gr.); 9/2006 (13. gr. a).	4. mgr. 1. gr., 11. gr. a, 42. gr. a, 42. gr. b.

2. Hver er nákvæm staða löggjafarinnar? Hafa einhver ákvæði ekki verið tekin upp, annað hvort að hluta eða að öllu? Hvaða ástæða liggur að baki því að ekki hefur verið lögleitt að fullu?

Nákvæm staða löggjafarinnar um höfundarétt og skyld réttindi er að allar framangreindar tilskipanir teljast að fullu teknar upp.

3. Hefur Ísland gripið til nokkurra ráðstafana til að hvetja til þess að farið væri að neðangreindum tilmælum?

– **Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2005/737/EB frá 18. maí 2005 um sameiginlega umsýslu landa á höfundarétti og skyldum réttindum í tengslum við lögmæta dreifingu tónlistar á netinu.**

Að því er varðar tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2005/737/EB frá 18. maí 2005 um sameiginlega umsýslu landa á höfundarétti og skyldum réttindum í tengslum við lögmæta dreifingu tónlistar á netinu, hafa tilmælin sem slík verið flokkuð sem óviðkomandi EES og fengu því ekki formlega meðferð innan EFTA. Ísland hefur ekki gripið til beinna ráðstafana til að hvetja til þess að farið sé að tilmælunum. Í kjölfar ákvörðunar framkvæmdastjórnar EB í CISAC-málinu, þar sem höfundaréttarsamtök voru hvött til að breyta gagnkvæmum samningum sínum til samræmis við ákvörðunina, hefur hins vegar Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar (STEF) á Íslandi breytt flestum samningum sínum við evrópsk systursamtök.

4. Hvaða undanþágur eða aðlögun, ef einhverjar, hefur Ísland frá gerðinni? Hvaða rökstuðningur liggur að baki þeim undanþágum/aðlögunum?

Að því er varðar undanþágur og aðlaganir, mælir 1. tölul. 3. mgr. 25. gr. b fyrir um að 10% fylgiréttargjald skuli greiddast af þeim hluta söluverðs upprunalegs eintaks listaverks sem samsvarar að hámarki 3.000 evrum og 5% af þeim hluta söluverðs sem samsvarar 3.000,01 til 50.000 evrum. Er þetta undanþága frá meginreglu 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2001/84/EB, eins og heimilað er í 2. og 3. undirlið 4. gr. Undanþágur þessar voru studdar eftirfarandi rökum. Í fyrsta lagi hefur fylgiréttargjald við endursölu listaverka verið 10% frá því að reglan var tekin upp í íslensku höfundalögum árið 1992 (lög um breytingu á höfundalögum nr. 57/1992). Söluverð listaverka á eftirmarkaði á Íslandi er að stærstum hluta að upphæð langt undir 3.000 evrum. Sökum smæðar og grunns markaðar fyrir listaverk á Íslandi og til hagsbóta fyrir listamenn var álitid ófrávíkjanlegt áhersluatriði að halda hinu fyrra fylgiréttargjaldi sem nam 10% af söluverði upp að 3.000 evrum og velja fylgiréttargjald sem nemur 5% (í stað 4%) fyrir næsta verðbil þar fyrir ofan (fyrir söluverð upp að 50.000 evrum).

5. Hefur Ísland átt í einhverjum erfiðleikum við lögleiðingu EES-skuldbindinga á þessu sviði?

Ísland hefur ekki átt í neinum erfiðleikum við lögleiðingu EES-skuldbindinga á þessu sviði.

6. Vinsamlegast skýrið ítarlega frá hvers kyns málsmeðferð vegna brota sem stofnað hefur verið til gegn Íslandi á þessu sviði.

Í desember 2003 hóf eftirlitsstofnun EFTA („ESA“) málsmeðferð gegn ríkisstjórn Íslands með athugasemd um mismunun á grundvelli ríkisfangs vegna þess að komist hefði á

Þóknunarkerfi fyrir útlán úr almenningubókasöfnum, sem byggðist á tungumálaviðmiðunum. Vísaði athugasemdin til 5. gr. tilskipunar ráðsins 92/100 frá 19. nóvember 1992 um leigu- og útlánsrétt og önnur tiltekin réttindi, tengd höfundarétti, á sviði hugverkaréttar og 4. gr. EES-samningsins (sbr. 12. gr. (áður 7. gr.)) sáttmálans um Evrópusambandið. Í bréfi sínu frá 10. apríl 2008 tilkynnti ESA íslensku ríkisstjórninni þá ákvörðun sína að málinu yrði ekki fylgt eftir frekar.

7. Yfir hvaða flokka rétthafa ná samtök sem innheimta höfundaréttargjöld á Íslandi? Hafa þau gagnkvæmt fyrirkomulag við innheimtusamtök innan Evrópusambandsins?

Eftirfarandi samtök sem innheimta höfundaréttargjöld á Íslandi hafa hlotið viðurkenningu mennta- og menningarmálaráðuneytis sem fulltrúar hlutaðeigandi rétthafa, sbr. höfundalögin nr. 73/1972:

- a. Innheimtumiðstöð gjalda (IHM) (www.ihm.is), innheimtusamtök skv. 11. gr. höfundalaganna (undantekning vegna afritunar til einkanota), eru höfundaréttarsamtök höfunda, listflytjenda og framleiðenda. IHM innheimtir gjöld af sölu tækja og óátekinnna diska, platna eða annarra hluta til hljóð- og myndupptöku, sem notuð eru til að fjölfalda efni sem er verndað af höfundarétti og annast dreifingu til rétthafa. IHM er fulltrúi mikils meirihluta íslenskra rétthafa og í krafti gagnkvæmnissamninga, ásamt því að vera fulltrúi flestra erlendra rétthafa. IHM er einnig fulltrúi rétthafa vegna endurútsendingar gervihnattaútsendinga um kapalckerfi á jörðu niðri, sbr. 23. gr. a og 45. gr. a höfundalaganna.
- b. FJÖLÍS (www.fjolis.is) er félag samtaka sem kemur fram fyrir hönd höfunda og útgefenda til innheimtu fyrir afnot útgefinna verka með fjölföldun og nýtur viðurkenningar mennta- og menningarmálaráðuneytis skv. a-lið 15. gr. höfundalaganna. FJÖLÍS hefur gert gagnkvæma samninga við samsvarandi innheimtufélög innan Evrópusambandsins.
- c. STEF (www.stef.is) er samband tónskálda og eigenda flutningsréttar á Íslandi. Gætir það hagsmuna tónskálda og textahöfunda við flutning opinberlega eða í útvarpi og nýtur viðurkenningar mennta- og menningarmálaráðuneytis skv. 23 gr. höfundalaganna. STEF á aðild að Nordisk Copyright Bureau (NCB), sem fer með upptökuréttindi, bæði „mekanísk“ réttindi og síðar einnig réttindi á Netinu. Bæði samtökin hafa gert gagnkvæma samninga við önnur innheimtufélög innan Evrópusambandsins.
- d. Myndhöfundasjóður Íslands, Myndstef (www.myndstef.is) nýtur viðurkenningar mennta- og menningarmálaráðuneytis skv. 23. gr., 25. gr. og 25. gr. b höfundalaganna. Myndstef kemur fram fyrir hönd höfunda myndverka og innheimtir leyfisgjöld fyrir afnot verka þeirra og þóknun við endursölu frumgerðar listaverka. Myndstef hefur gert gagnkvæma samninga við samsvarandi innheimtufélög innan Evrópusambandsins.
- e. Rithöfundasamband Íslands (www.rsi.is) nýtur viðurkenningar mennta- og menningarmálaráðuneytis skv. 23 gr. höfundalaganna.

- f. SFH, Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda (www.sfh.is), nýtur viðurkenningar mennta- og menningarmálaráðuneytis skv. 47 gr. höfundalaganna.

8. Undir hvaða íslensk ráðuneyti (eitt eða fleiri) heyrir löggjöf í þessum málaflokki? Hver er stærð þeirra deilda er sjá um það?

Löggjöf á þessu sviði heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneyti að frátalinni löggjöf um vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, sem efnahags- og viðskiptaráðuneyti fer með. Mennta- og menningarmálaráðuneyti fer með málefni er tengjast höfundalögum. Nefnd sjö sérfróðra manna á sviði höfundaréttar, sem mennta- og menningarmálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn, er ráðherra til ráðuneytis um höfundaréttarmál. Við val nefndarmanna er haft samráð við helstu innheimtufélög og rétthafasamtök höfundaréttar. Með málefni er tengjast höfundalögum og stjórnslu þeirra fer lögfræðisvið mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í starfsliði lögfræðisviðs eru fjórir starfsmenn (einn skrifstofustjóri, þrjú lögfræðingar, þar af einn sérfræðingur í hugverkarétti).

9. Sjá einhverjar ríkisstofnanir eða önnur yfirvöld um stjórnslu á þessu sviði? Hver er stærð þeirra?

Engar aðrar ríkisstofnanir eða yfirvöld sjá um stjórnslu á þessu sviði.

III. Fullnusta hugverka- og einkaleyfaréttar

....

21. Undir hvaða íslensk ráðuneyti (eitt eða fleiri) heyrir löggjöf í þessum málaflokki? Hver er stærð þeirra deilda er sjá um það?

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fer með málefni fullnustu höfundalaganna nr. 73/1972. Nefnd sjö sérfróðra manna á sviði höfundaréttar, sem mennta- og menningarmálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn, er ráðherra til ráðuneytis um höfundaréttarmál. Við val nefndarmanna er haft samráð við helstu innheimtufélög og rétthafasamtök höfundaréttar. Með málefni er tengjast höfundalögum og stjórnslu fer lögfræðisvið mennta- og menningarmálaráðuneytis. Í starfsliði lögfræðisviðs eru fjórir starfsmenn (einn skrifstofustjóri, þrjú lögfræðingar, þar af einn sérfræðingur í hugverkarétti).